



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands
vegna draga að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Glasgow 11. Nóvember 2021

Landnýting á Íslandi hefur lengi liðið fyrir slaka og gamaldags stjórnsýslu sem stuðlar að ofbeit og rányrkju. Sú reglugerð sem hér er til umsagnar er því þörf, tímabær. Hún er mikilvæg til þess að vel verði farið með landgæði. Náttúruverndarsamtökin benda á mikilvægi þess að tekið sé tillit til landslags og útsýnis, enda eru þessi gæði undirstaða stærsta atvinnuvegar þjóðarinnar, ferðaþjónustunnar.

Afar mikilvægt er að viðurkennt verði að beitarnýting á viðkvæmum illa förnun afréttum veldur mikilli losun gróðurhúsalofttegunda. Losunin frá landi er viðmið sem verður að liggja til grundvallar þegar sjálfbærni nýtingar er metin. Staða loftslagsmála leyfir ekki frekari beit á ofbeittum og / eða illa förnun svæðum.

Aðild

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar mikilvægt að hugtakið *hagaðilar* verði vandlega skilgreint. Beitarland í eigu almennings þýðir að samtök almennings – þar með talin náttúruverndarsamtök eigi aðild að málum sem varða ákvarðanir um nýtingu landsins.

Tímasett áætlun

Náttúruverndarsamtök Íslands lýsa ánægju sinni með að í reglugerðinni er tímasett áætlun um sjálfbæra nýtingu beitarlands, en hún þarf að vera skýrari og framsýnni en sú sem sett er fram í þessum drögum.

Athugasemdir og tillögur til úrbóta:

3. gr. liður 1.: Í greininni eru fram taldar *...plöntur sem nýttar til iðnaðar*, Væntanlega er hér þó ekki átt við skógarplöntur eða skógrækt, en til að það sé skýrt er rétt að undanskilja skógrækt sérstaklega, enda dilda um hana sérstök lög.

Náttúruverndarsamtökin vilja að bætt verði við: *Skógrækt er hér undanskilin.*

3. gr. liður 10.: Í þessum lið er nauðsynlegt að geta sjónrænna þátta, en þeirra er einmitt getið í markmiðum laga um landgræðslu frá 2018, sbr. 4. gr. lið j. Mikilvægt er að tiltaka sjónræna þætti í reglugerðinni. Þannig gæti seinni málsgrein liðar 10 verið: *Mengun*

tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, sjónrænna þátta, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

5. gr. Hér vantar lið þar sem kveðið er á um að nýting megir ekki rýra sjónræn gæði.

5. gr. liður 7. Hér þarf að kveða fastar að, t.d.: *að nýting auki ekki á losun gróðurhúsalofttegunda.*

Náttúruverndarsamtök Íslands telja afar mikilvægt að áhrif landnýtingar – góð eða slæm – á skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Til dæmis skal losun kolefnis frá landi ekki vera meiri árið 2030 en það magn sem binst í með bættri landnotkun.

6. gr. Upphaf greinarinnar verði: *Beitarnýting skal vera sjálfbær.*

10. gr. Hér virðist einungis fjallað um ósjálfbæra beitarnýtingu og varðandi afrétti (oftast þjóðlendur) er fjallskiladeild gerð ábyrg fyrir úrbótum. Ef um aðra ósjálfbæra landnýtingu er að ræða ætti væntanlega að koma til kasta Umhverfisstofnunar eða Vatnajökulspjóðgarðs, eftir atvikum.

Viðauki I.

Kaflí C, liður 4. *Æðplöntuþekja meiri en 20%. Stenst þetta? Í liðnum á undan er viðmiðið (fyrir mestallt land) 50%. Hvar á viðmiðið að vera 20%? Eða er þessum lið hreinlega ofaukið?*

3. gr. Innleiðing.

Markmið sem eru sett eftir árum munu styrkja reglugerðina. Best væri að hafa sama tíma, 4 ár (eða minna) á milli áfanga. Til dæmis yrði áfangi II innleiddur 2025 og áfangi 3 árið 2029.

Einnig er markvisst að tímasetja lokáfanga með 100% sjálfbærni árið 2033.

Viðauki IV.

Í þriðja lið ber að nefna *útsýni* sem er mikilvægur sjónrænn þáttur líkt og ásýnd lands og landslag.

Í þriðja síðasta lið þarf verður að kveða fastar að í lokaorðunum, t.d. *...og tryggja að flytja ekki að ágengar tegundir gróðurs og dýra.*

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,

Árni Finnsson.